

# LANDSRÉTTUR

Úrskurður miðvikudaginn 1. apríl 2026.

Mál nr. 254/2026:

## Ríkissaksóknari

(Pétur Hrafn Hafstein aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Pórður Már Jónsson lögmaður)

## Lykilorð

Kærumál. Framsal sakamanns. Kærufrestur. Frávísun frá Landsrétti.

## Útdráttur

Með hinum kærða úrskurði var staðfest ákvörðun dómsmálaráðuneytisins um að framselja X til Úkraínu. X kærði úrskurð héraðsdóms þremur dögum eftir að hann var kveðinn upp. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 13/1984 um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum er kærufrestur einn sólarhringur. Í ljósi þess að kærufrestur var liðinn þegar kæra barst héraðsdómi var málinu vísað frá Landsrétti.

## Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Eyvindur G. Gunnarsson, Ragnheiður Bragadóttir og Símon Sigvaldason kveða upp úrskurð í máli þessu.

## Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Varnaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 30. mars 2026 sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum sama dag. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. mars 2026 í málinu nr. R-[...]/2025 þar sem fallist var á ákvörðun dómsmálaráðuneytisins 1. desember 2025 um að framselja varnaraðila til Úkraínu. Kæruheimild er í 18. gr. laga nr. 13/1984 um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum.
- Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.
- Varnaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og verjanda hans tildæmd þóknun fyrir Landsrétti.

## Niðurstaða

- Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 13/1984 er unnt að kæra úrskurð héraðsdóms, þar sem framsalsákvörðun hefur verið tekin til endurskoðunar, til Landsréttar samkvæmt lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að öðru leyti en því að kærufrestur er ákveðinn einn sólarhringur. Ákvæðið var leitt í lög með breytingalögum nr. 35/2025 í því skyni að einfalda málsmeðferð samkvæmt lögum nr. 13/1984.

- 5 Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp í þinghaldi 27. mars 2025 að varnaraðila og skipuðum verjanda hans viðstöddum. Kæra barst héraðsdómi 30. sama mánaðar. Samkvæmt þessu var kærufrestur samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 13/1984 liðinn þegar kæran barst héraðsdómi og verður málinu því vísað frá Landsrétti.
- 6 Samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga nr. 13/1984 greiðist úr ríkissjóði þóknun skipaðs verjanda varnaraðila vegna meðferðar málsins fyrir Landsrétti, sem verður ákveðin að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í úrskurðarorði greinir.

### Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá Landsrétti.

Þóknun skipaðs verjanda varnaraðila fyrir Landsrétti, Þórðar Más Jónssonar lögmanns, 176.700 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. mars 2026

#### I

1. Með bréfi ríkissaksóknara 16. desember 2025 var vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur kröfu varnaraðila, X, kt. [...], [...], um að skorið verði úr um hvort skilyrði laga fyrir framsali séu fyrir hendi vegna ákvörðunar dómismálaráðherra, dags. 1. desember 2025, um að framselja varnaraðila til Úkraínu. Um lagaheimild var í þessu efni vísað til 3. gr. og 1. mgr. 18. gr. laga um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum nr. 13/1984 og 1. mgr. 2. gr., sbr. XXVII. kafla, laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
2. Af hálfu sóknaraðila er þess krafist að staðfest verði ákvörðun dómismálaráðuneytisins, dags. 1. desember 2025, um að fallast á beiðni úkraínskra yfirvalda um framsal á varnaraðila til Úkraínu til meðferðar sakamáls á hendur honum þar ytra.
3. Af hálfu varnaraðila er þess krafist að felld verði úr gildi ákvörðun dómismálaráðherra, dags. 1. desember 2025, um að fallast á beiðni úkraínskra yfirvalda um að framselja hann til Úkraínu. Þá er krafist málsvarnarþóknunar úr ríkissjóði í samræmi við tímaskýrslu.

#### II

##### *Málavextir*

4. Í máli þessu er leitað endurskoðunar á ákvörðun dómismálaráðherra frá 1. desember 2025 þar sem fallist var á beiðni úkraínskra yfirvalda um að framselja varnaraðila til Úkraínu vegna rannsóknar sakamáls þar í landi. Framsalsbeiðnin er gefin út 9. maí 2025 af ríkissaksóknara Úkraínu og byggir á samningi Evrópuráðsins um framsal sakamanna frá 1957 og viðbótarbókunum við samninginn.
5. Upphaf málsins er að rekja til alþjóðlegrar eftirlýsingar úkraínskra yfirvalda á hendur varnaraðila (IP Red Notice), dags. 17. mars 2025, sem komst til vitundar alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra 15. apríl 2025 með tölvupósti frá svæðisskrifstofu Interpol í Kænugarði, eftir að yfirvöldum ytra höfðu borist upplýsingar um búsetu varnaraðila hér á landi. Meðfylgjandi var jafnframt handtökuskipun dómara við héraðsdóm í [...],

Úkraínu, dags. 8. ágúst 2024. Tilefni eftirlýsingarinnar var sagt vera fyrirhuguð útgáfa framsalsbeiðni vegna meðferðar máls á hendur varnaraðila fyrir ætlað kynferðisbrot framið 6. apríl 2023 gegn A, fd. [...].

6. Varnaraðili var handtekinn 22. apríl 2025 og tekin af honum skýrsla hjá lögreglu þar sem honum var kynnt eftirlýsingin. Í skýrslutökunni, sem fram fór að viðstöddum verjanda varnaraðila, var honum gefinn kostur á að tjá sig sjálfstætt um atvik málsins og samantekið kvað hann umrætt sakamál vera uppspuna frá rótum. Kvað hann brotaþola og fjölskyldu hennar hafa verið vini sína, hann hafi oft gefið þeim sælgæti þegar þau komu í verslun varnaraðila, en undir það síðasta hafi þau leitað þar skjóls fyrir sprengjum. Kvað hann brotaþola hafa komið og tekið utan um varnaraðila og þar sem hann hafi þekkt hana vel hafi hann ekki ýtt henni í burtu heldur reynt að róa hana. Síðar hafi varnaraðila borist til eyrna að brotaþoli hafi haldið að varnaraðili myndi gefa henni pening, sem hann hafi ekki gert, og væri brotaþoli að hefna sín á honum vegna þess. Í skýrslu varnaraðila kom fram að hann hafi verið meðvitaður um sakamálið vegna þess að honum hafi verið hótað að ef hann myndi ekki borga fjölskyldu brotaþola pening myndu þau greiða fólki fyrir að bera ljúgvitni í málinu. Þá hafi þau einnig hringt í varnaraðila og sagt að hann yrði að mæta til að gefa skýrslu, sem varnaraðili kvaðst ekki hafa þorað að gera, en hafi verið reiðubúinn til þess að gefa símaskýrslu að viðstöddum lögmanni. Að því er varðar eftirlýsinguna sjálfa kvað varnaraðili persónuupplýsingar í henni vera réttar og því ætti hún réttilega við hann. Hins vegar kvaðst hann alfarið neita sök þar sem ætlað brot hefði aldrei átt sér stað. Síðar þennan sama dag, 22. apríl 2025, var varnaraðili úrskurðaður í farbann til 22. maí 2025 og hefur farbannið verið framlengt fjórum sinnum, síðast með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 10. mars sl. í máli nr. R-[/...]/2026 þegar farbannið var framlengt til 7. apríl 2026.
7. Í framsalsbeiðninni kemur fram að óskað sé eftir framsali varnaraðila vegna meðferðar á sakamáli á rannsóknarstigi. Í málinu sé varnaraðili grunaður um kynferðisbrot gegn barni, sbr. 4. mgr. 153. gr. úkraínskra hegningarlaga, með því að hafa þann 6. apríl 2023, í verslun sinni að nánar tilgreindu heimilisfangi í þorpinu [...], brotið gegn a, sem þá var [...] ára gömul. Er atvikum nánar lýst á þann veg í framsalsbeiðninni að varnaraðili hafi í umrætt sinn, þegar brotaþoli var ein í verslun hans, læst útidyrnum innan frá með lykli sem hann skildi eftir í skránni, og í kjölfarið snert og kysst brjóst hennar, kysst hana á varirnar, reynt að losa rennilásinn á gallabuxunum sem hún var í og boðið henni að koma heim til sín. Þegar varnaraðili hafi í beinu framhaldi farið á bak við afgreiðsluborðið hafi brotaþoli opnað dyrnar með lyklinum og hlaupið út úr versluninni. Fram kemur í framsalsbeiðninni að ætlað brot varnaraðila gegn 4. mgr. 153. gr. úkraínskra hegningarlaga varði fimm til tíu ára fangelsi og að samkvæmt ákvæðum 12. og 49. gr. úkraínskra laga um meðferð sakamála hafi sök ekki fyrnst.
8. Framsalsbeiðninni fylgdu níu fylgiskjöl, m.a. handtökuskipun dómara við héraðsdóm í [...], Úkraínu, dags. 8. ágúst 2024, yfirlýsing ríkissaksóknara Úkraínu um framfylgd alþjóðlegra skuldbindinga í tengslum við aðbúnað frelsissviptra og fanga undir herlögum ásamt lagaákvæðum um þá stöðu og öðrum viðeigandi lagaákvæðum, nánari upplýsingar um varnaraðila og ljósmyndir af honum, réttarfarsgögn, samantekt um fyrirliggjandi sönnunargögn og feril málsins m.t.t. fyrningar og staðfesting á ríkisfangi varnaraðila. Liggja öll þessi gögn fyrir í enskri þýðingu. Í 7. kafla beiðinnar eru settar fram ítarlegar tryggingar fyrir því að mannréttindi varnaraðila samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu verði virt á meðan á meðferð málsins stendur og eftir að dómur er fallinn, komi til sakfellingar.
9. Varnaraðili var boðaður til skýrslutöku hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 21. maí 2025 þar sem honum var kynnt framsalsbeiðnin. Við skýrslutökuna vísaði varnaraðili til fyrri framburðar síns hjá

lögreglu, 22. apríl 2025, en tjáði sig ekki að öðru leyti. Mun hafa farist fyrir að fá formlega afstöðu varnaraðila til framsalsbeiðninnar í skýrslutökunni, en með tölvupósti frá verjanda hans degi síðar var formlega staðfest af hálfu varnaraðila að hann mótmælir framsalsbeiðninni og skilaði verjandi hans athugasemdom vegna beiðninnar til dómsmálaráðuneytisins 27. maí 2025.

10. Ríkissaksóknari sendi dómsmálaráðuneytinu 8. september 2025 gögn málsins ásamt álitserð um lagaskilyrði framsals. Í álitserðinni er komist að þeirri niðurstöðu að efnisskilyrði laga nr. 13/1984 séu uppfyllt, sbr. einkum efnisskilyrði ákvæða 1. mgr. 1. gr. um heimild til framsals, 1. og 2. mgr. 4. gr. um tvöfalt refsinaemi, lágmarksrefsingu og lögmeta ákvörðun um frelsissviptingu, 5. mgr. 4. gr. varðandi grunnreglur íslenskra laga og 9.–11. gr. varðandi bann við endurtekinni málsmeðferð, fyrningu og meðferð annarra mála héraendis, sem og 13. gr. laganna sem fjallar um formaskilyrði. Þá væri ekkert komið fram í málinu sem gæfi til kynna að grunur um refsiverða háttsemi varnaraðila fullnægði ekki grunnreglum íslenskra laga um rökstuddan grun um refsiverða háttsemi, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 13/1984 og í því sambandi er í álitserðinni vísað til þeirra gagna sem úkraínsk lögreglu yfirvöld hafa aflað við rannsókn málsins og gerð er grein fyrir í málavaxtalýsingu handtökuskipunar dómara, dags. 8. ágúst 2024, og til samantektar um fyrirbyggjandi sönnunargögn sem fylgdu framsalsbeiðninni.
11. Dómsmálaráðuneytið tók ákvörðun um að verða við framsalsbeiðni úkraínskra yfirvalda 1. desember 2025. Þar er framangreind álitserð ríkissaksóknara um málið rakin. Tekið er fram að hún komi ekki til endurskoðunar hjá ráðuneytinu enda geti einstaklingur sem óskast framseldur krafist úrskurðar héraðsdóms um það hvort skilyrði laga fyrir framsali séu fyrir hendi.
12. Í ákvörðun ráðuneytisins kemur fram að eftir standi að leggja mat á hvort ákvæði 7. og 8. gr. laga nr. 13/1984 kunnir að standa framsali í vegi. Eru raktar sérstaklega landaupplýsingar um Úkraínu og upplýsingar frá úkraínskum yfirvöldum þar sem ríkissaksóknari Úkraínu, sem miðlægt stjórnvald, hafi lýst því yfir að hann ábyrgist að beiðnin sé ekki sett fram á hendur varnaraðila til að saksækja hann á grundvelli pólitískra skoðana, kynþáttar, trúar eða þjóðernis, sbr. 7. gr. laganna. Auk þess eru rakin fleiri réttindi samkvæmt samningi Evrópuráðsins um framsal sakamanna frá 1957 og mannréttinasáttmála Evrópu sem úkraínsk yfirvöld ábyrgist að varnaraðili njóti.
13. Jafnframt kemur fram í ákvörðuninni að ráðuneytið hafi óskað eftir viðbótarupplýsingum frá úkraínskum yfirvöldum 27. október 2025 um hvar varnaraðila yrði gert að sæta gæsluvarðhaldi, ef fallist yrði á framsal og hann úrskurðaður í slíkt varðhald, og enn fremur hvar varnaraðila yrði gert að afplána refsingu sína, yrði hann fundinn sekur fyrir úkraínskum dómstólum. Borist hafi ítarleg svör frá ríkissaksóknara Úkraínu 15. nóvember 2025 um þær úrbætur sem stjórnvöld þar í landi hafi gert á fangelsiskerfi sínu og hvernig þau tryggji öryggi og hagi aðbúnaði fanga. Jafnframt hafi komið fram í svarinu í hvaða fangelsi varnaraðila yrði gert að sæta gæsluvarðhaldi og upplýsingar og ljósmyndir af aðbúnaði fangelsisins, og enn fremur upplýsingar um þau fangelsi sem varnaraðili yrði vistaður í kæmi til sakfellingar og afplánunar fangelsisrefsingar, en öll væru þau langt frá átakasvæði og útbúin skýlum til að verjast sprengjum. Er tekið fram að úkraínsk yfirvöld ábyrgist að varnaraðili muni ekki sæta meðferð sem sé í andstöðu við 3. gr. mannréttinasáttmála Evrópu og að íslenskum stjórnvöldum stæði til boða að heimsækja fangelsið að kanna aðstæður þess. Þá væri ekkert sem benti til þess að varnaraðili myndi ekki hljóta réttláta málsmeðferð í Úkraínu, sbr. 6. gr. mannréttinasáttmála Evrópu, og að telja yrði að þær breytingar sem gerðar voru á úkraínsku sakamálaögunum á grundvelli herlaga myndu ekki hafa áhrif á réttarstöðu varnaraðila í Úkraínu,

auk þess sem ríkissaksóknari landsins hafi ábyrgst að varnaraðila yrði tryggður rétturinn til réttlátrar málsmeðferðar og myndi njóta aðstoðar lögmanns.

14. Í niðurstöðukafla ákvörðunar ráðuneytisins kemur fram að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að veruleg hættu sé á að varnaraðili verði látinn sæta ofríki eða ofsóknum vegna kynþáttar, þjóðernis, trúar eða að öðru leyti vegna stjórn málaaðstæðna sem beinist gegn lífi hans eða frelsi eða sé að öðru leyti alvarlegs eðlis, sbr. 7. gr. laga nr. 13/1984. Kemur fram að í því sambandi sé einkum litið til þeirra ábyrgða sem úkraínsk stjórnvöld hafi gefið, einkum skuldbindinga Úkraínu á grundvelli alþjóðlegra samninga. Jafnframt kemur fram að ráðuneytið hafi lagt heildstætt mat á aðstæður varnaraðila með tilliti til sjónarmiða mannúðarákvæðis 8. gr. laganna og að ekki þygi vera fyrir hendi nægjanlegar ástæður til að réttmætt sé að synja um framsal á grundvelli ákvæðisins. Varðandi fjölskylduhagi varnaraðila tekur ráðuneytið fram að eðli máls samkvæmt hefði afplánun fangelsisvistar, ef til hennar kæmi, þær óhjákvæmilegu afleiðingar að viðkomandi sakborningur hefði takmarkaðri umgengni við fjölskyldu sína en ella. Eigi það við jafnvel þótt fjölskylda hans væri búsett í Úkraínu. Þrátt fyrir að stríð ríki í Úkraínu verði að leggja til grundvallar að fjölskylda hans gæti heimsótt hann, kæmi til afplánunar, í ljósi þess að varnaraðili hafi lýst því í skýrslutöku hjá lögreglu í apríl 2025 að eiginkona hans hafi þá verið með yngsta son þeirra í [...] að sækja lækniþjónustu. Geti fjölskylduhagir varnaraðila einir og sér ekki leitt til synjunar framsals á grundvelli 8. gr. laga nr. 13/1984. Þá verði ekki talið að heilsufar varnaraðila geti leitt til synjunar á framsali í ljósi gagna sem liggja fyrir í málinu, þeirra upplýsinga sem aflað hafi verið um heilbrigðisþjónustu frelsissviptra einstaklinga í Úkraínu og þeirra ábyrgða sem úkraínsk stjórnvöld hafi veitt.
15. Í ákvörðuninni er tekið fram að engin gögn hafi komið fram í málinu sem sýni að rökstudd ástæða sé til þess að ætla að framsalsbeiðnin og meðfylgjandi gögn fullnægi ekki grunnreglum íslenskra laga um rökstuddan grun, refsiverða háttsemi eða lögfulla sönnun sakar, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 13/1984. Enn fremur hafi varnaraðili ekki lagt fram nein gögn til stuðnings þeirri málsástæðu að hann hafi verið beittur fjárkúgun. Íslensk stjórnvöld séu skyldug, án frekari könnunar á sönnunatriðum, til að leggja erlendan dóm eða ákvörðun um handtöku eða fangelsun til grundvallar við meðferð framsalsmáls. Neitun varnaraðila á sakargiftum málsins réttlæti ekki ein og sér að íslensk yfirvöld krefjist frekari sönnunargagna.
16. Þá segir í ákvörðun ráðuneytisins að ekki komi til skoðunar málsástæður varnaraðila um að hann hafi hlotið alþjóðlega vernd hér á landi og að af þeim sökum beri að synja framsalsbeiðninni, þar sem varnaraðili hafi fengið dvalarleyfi af mannúðarástæðum vegna fjöldaflóttu frá Úkraínu en ekki alþjóðlega vernd. Sameiginleg vernd vegna fjöldaflóttu sé undantekning frá þeirri meginreglu að umsókn um alþjóðlega vernd skuli hljóta einstaklingsbundna efnismeðferð hjá stjórnvöldum. Sé þannig slakað á sönnunarkröfum og rannsóknarskyldu stjórnvalda þegar um mál vegna sameiginlegrar verndar vegna fjöldaflóttu er að ræða. Var það niðurstaða ráðherra, að teknu tilliti til einstaklingsbundinna hagsmuna varnaraðila, að telja yrði hagsmuni úkraínskra yfirvalda meiri af því að fá varnaraðila framseldan en ekki.
17. Í greinargerð ríkissaksóknara til dómsins er um framangreind málsatvik og ákvörðun dómsmálaráðherra vísað til gagna málsins. Í þeim kemur m.a. fram að ekkert mál sé skráð á varnaraðila í lögreglakerfinu og að sakavottorð hans sé hreint. Ákvörðun ráðherra var kynnt varnaraðila 10. desember 2025 hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu. Með tölvubréfi daginn eftir krafðist varnaraðili úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur skv. 18. gr. laga nr. 13/1984. Um skilyrði framsals skv. I. og II. kafla laga nr.

13/1984 er af hálfu sóknaraðila vísað til álitsgerðar ríkissaksóknara frá 8. september 2025 og ákvörðunar dómismálaráðherra frá 1. desember 2025 og voru sjónarmið um það nánar reifuð í málflutningi.

### III

#### *Málsástæður varnaraðila*

18. Af hálfu varnaraðila er byggt á því að málatilbúnaður úkraínskra yfirvalda gegn honum fullnægi ekki grunnreglum íslenskra laga um lögfulla sönnun sakar í refsímáli og því sé framsal óheimilt skv. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 13/1984. Þau gögn sem lögð séu fram í málinu sýni þetta ótvírætt en þau séu í raun ekki annað en skýrsla brotaþola og tvær skýrslur vitna. Þá komi fram í skýrslu réttarsálfræðings að brotaþoli hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni eða áfalli. Byggir varnaraðili á því að þessi gögn gætu aldrei talist uppfylla grunnreglum íslenskra laga um rökstuddan grun um refsiverða háttsemi og gætu þannig aldrei leitt til ákæru hér á landi. Verulega ámælisvert sé enn fremur að í lista yfir sönnunargögn í málinu komi fram að um sé að ræða gögn sem „staðfesti sekt“ („certificate on evidence confirming the guilt ...“). Þá komi fram í niðurstöðu réttarsálfræðings að brotaþoli hafi ekki getað, vegna aldurs síns, að fullu barist gegn „nauðgaranum“ („... she could not fully resist the rapist“). Slíkur málatilbúnaður gefi ekki góð fyrirheit um framhald málsins í meðferð úkraínskra yfirvalda, enda sé þegar búið að setja fram fullyrðingar sem snúi að því að varnaraðili sé sekur og að hann sé nauðgari, þegar hann sé ekki einu sinni sakaður um nauðgun. Með slíkum sakfelliandi yfirlýsingum hafi úkraínsk stjórnvöld þegar sannað að varnaraðili njóti ekki, og muni ekki njóta, réttlátrar og sanngjarnrar málsmeðferðar. Hafi með þessu þegar verið brotið á honum í skilningi 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um að hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skuli teljast saklaus uns sekt hans sé sönnuð að lögum.
19. Varnaraðili byggir einnig á því að ekki séu uppfyllt skilyrði 1. tl. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 13/1984. Í ákvæðinu komi fram að framsal til fullnustu á dómi skuli aðeins heimilað ef refsing samkvæmt dómi sé minnst fjögurra mánaða fangelsi. Þótt framsalskraftan sé ekki byggð á dómi sé engu að síður ljóst að jafnvel þótt sök teldist sönnuð og varnaraðili yrði dæmdur til refsingar á grundvelli þeirra sakargifta sem að honum beinast yrði dómur í málinu aldrei slíkur að hann næði þeim þröskuldi sem settur sé í ákvæðinu.
20. Þá byggir varnaraðili á því að veruleg hættu sé á að varnaraðili muni sæta ofsóknum og ofríki verði hann framseldur til Úkraínu, sbr. 7. gr. laga nr. 13/1984. Í landinu ríki nú stórstyrjöld sem hafi kostað hundruð þúsunda mannlíf. Varnaraðili og fjölskylda hans hafi komið til Íslands sem flóttamenn vegna stríðsins. Flótti þeirra hafi þó ekki aðeins verið til að flyja yfirvofandi ógn stríðsátaka sem almennir borgarar, heldur einnig til þess að forðast það að varnaraðili og synir hans yrðu sendir á víglínuna til að berjast, þar sem þeir myndu nánast örugglega bíða bana. Úkraínsk yfirvöld hafi á sínum snærum sérstakar sveitir sem aki um á sendibílum og grípi menn upp af götunni eða hvar sem til þeirra náist og sendi þá á víglínuna, sem sýni ríka þörf yfirvalda fyrir fleiri hermenn. Verði varnaraðili framseldur til Úkraínu, þar sem hann yrði í haldi yfirvalda, sé hættan enn meiri fyrir hann að verða sendur á víglínuna. Það að flyja landið gagngert til að komast undan herskyldu sé sterk yfirlýsing stjórnmalalegs eðlis og ljós sé hættan á því að hann muni sæta ofsóknum og ofríki vegna þess. Varnaraðili sé alfarið á móti stríðsrekstrinum og hafi frá upphafi viljað samninga um frið sem sé ekki vinsæl afstaða hjá yfirvöldum. Séu stjórnmalaskoðanir varnaraðila því þess eðlis að það yrði augljós ógnun við líf hans ef hann yrði framseldur til Úkraínu.
21. Loks byggir varnaraðili á því að 8. gr. laga nr. 13/1984 eigi við um hann en samkvæmt ákvæðinu megi synja um framsal ef mannúðarástæður mæli gegn því, svo sem aldur, heilsufar og aðrar persónulegar

aðstæður. Varnaraðili óttist mjög um aðstæður sínar verði hann framseldur, einkum í ljósi þess að Úkraína hafi ekki virt mannréttindareglur. Þannig hafi stjórnvöld þar í landi þegar sýnt það og sannað að þau virði ekki ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð í skilningi 1. og 2. mgr. 6. gr. sáttmálans. Loforð úkraínskra yfirvalda um bót og betrun geti ekki breytt því að málsmeðferðin í máli varnaraðila hafi verið óréttlát og hlutdræg frá upphafi. Það sé ósamrýmanlegt mannúðarsjónarmiðum að heimila framsal þar sem varnaraðili óttist annars vegar um réttaröryggi sitt í Úkraínu og hins vegar að honum verði tryggð mannúðleg og réttlát málsmeðferð þar í landi í skilningi framangreindra mannréttindaákvæða.

22. Þá hafi varnaraðili stöðu sem flóttamaður á Íslandi sem hann hafi fengið vegna þess að ástandið í heimalandi hans sé talið ótryggt. Hafi honum og öðrum flóttamönnum frá Úkraínu verið veitt dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða. Þrátt fyrir það hafi verið tekin ákvörðun um framsal hans vegna máls sem geti ekki talist alvarlegt eða líklegt til sakfellis, í það minnsta hér á landi. Virðist dómismálaráðuneytið telja að ástandið í Úkraínu sé ekki með þeim hætti að það réttlæti stöðu varnaraðila sem flóttamanns, sem ætti þá einnig við um alla aðra sem komið hafa hingað sem flóttamenn frá Úkraínu síðan stýrjöldin hófst, en slíkt fái augljóslega ekki staðist. Ákvæði 44. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga, sem fjallar um fjöldaflótta, hafi verið virkjuð vegna þess fjölda sem kom hingað frá Úkraínu og það hafi verið á þeim grundvelli að brýn mannúðarsjónarmið hafi þótt vera fyrir hendi. Þau mannúðarsjónarmið sem legið hafi að baki séu enn gild og líklega enn meira nú en fyrr vegna þróunar stríðsins. Þessi mannúðarsjónarmið verði ekki túlkuð með tvennum og ólíkum hætti eftir því hvaða lögum sé beitt hverju sinni. Þannig hafi þegar verið staðfest að mannúðarsjónarmið eigi við um aðstæður varnaraðila og til þess að þau yrðu ekki talin vera lengur fyrir hendi varðandi varnaraðila þyrfti eitthvað mun meira að koma til en það ætlaða brot sem hann er sakaður um. Í málinu vegist því á mikilsverðir hagsmunir varnaraðila gagnvart þeim lítilsverðu hagsmunum sem úkraínsk stjórnvöld byggi kröfu sína um framsal á.
23. Heilsufari varnaraðila sé þannig farið að ómannúðlegt sé að fallast á framsal hans, en hann þjáist af hjartavandamáli sem felist í stækkuðum hjartavöðva með minnkuðum afköstum hjartans. Hafi varnaraðili verið í reglubundnu eftirliti hér á landi og beri honum að forðast allt álag og áreiti. Þá hafi varnaraðili fengið áfall og þurft að leggjast inn á sjúkrahús eftir að honum var kynnt ákvörðun um að hann yrði framseldur. Gæti framsal þannig eitt og sér reynst varnaraðila lífshættulegt. Fjölskylduaðstæður varnaraðila séu einnig með þeim hætti að ómannúðlegt sé að fallast á framsal hans. Eiginkona og [...] börn varnaraðila búi öll hér á landi. Þá hafi þau [...]. Varnaraðili sé fyrirvinna fjölskyldu sinnar, stoð hennar og stytta og yrði hann framseldur myndi það hafa mjög alvarleg áhrif á fjölskylduna, fjárhagslega afkomu hennar og öryggi, félagslega stöðu og andlega heilsu fjölskyldumeðlima. Þá sé mikil hætta á að varnaraðili verði sendur á víglínuna ef til framsals kemur og fjölskyldan viti að þá sé hætta á að þau sjái hann aldrei aftur. Erfitt sé að ímynda sér ómannúðlegri örlög fyrir fjölskyldu varnaraðila en að senda fjölskylduföðurinn út í slíkar aðstæður. Þá megi ráða af dómum Mannréttindadómstóls Evrópu að úkraínska ríkið gæti ekki ákvæða mannréttindasáttmála Evrópu hvað varðar málsmeðferð og mannúðlegar aðstæður fanga í skilningi 3. gr. sáttmálans. Felist þetta í ófullnægjandi heilbrigðisaðstoð, almennum aðstæðum í fangelsum og slæmri meðferð á fongum. Í ljósi heilsufarsvandamála varnaraðila væri því óviðunandi og ómannúðlegt að senda hann í slíkar aðstæður. Vísar hann í þessu samhengi til dóma Mannréttindadómstóls Evrópu í málum nr. 18603/12 og 36729/23.

24. Varnaraðili gerir enn fremur athugasemdir við rannsókn málsins og byggir á því að dómsmálaráðuneytinu beri að rannsaka það frekar og með sannanlegum hætti hvort honum verði tryggð mannúðleg meðferð í Úkraínu, sbr. 10. gr. stjórnáráðslulaga nr. 37/1993. Sé ljóst að í engu hafi verið horft til ítrekaðra brota Úkraínu gegn ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu, heldur sé aðeins horft til loforða úkraínskra yfirvalda, sem í ákvörðun ráðherra séu nefnd ábyrgðir. Enn fremur byggir varnaraðili á því í samræmi við meðalhófsreglu að mannúðarástæður mæli gegn framsali, að minnsta kosti að svo stöddu, þar til fullreynt sé að önnur og vægari úrræði komi ekki til greina, sbr. 12. gr. stjórnáráðslulaga.

#### IV

##### *Niðurstaða*

25. Samkvæmt 1. gr. Evrópusamningsins um framsal sakamanna frá árinu 1957, sem Ísland og Úkraína hafa fullgilt, eru aðilar samningsins skuldbundnir til framsals að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Samkvæmt framsalsbeiðni úkraínskra yfirvalda var óskað eftir framsali varnaraðila vegna gruns um brot sem varðað gæti við ákvæði 4. mgr. 153. gr. úkraínskra hegningarlaga. Af gögnum málsins má ráða að framsalsbeiðnin og gögn sem með henni fylgdu eigi við varnaraðila. Í framsalsbeiðninni kemur glögglega fram hvers eðlis brot það er sem varnaraðili er grunaður um og lýsing á málavöxtum, auk þess sem með henni fylgdi endurrit þeirra lagaákvæða sem háttsemin er talin varða við, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 13/1984 um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamáli. Jafnframt fylgdi framsalsbeiðninni ensk þýðing hennar, sbr. 3. mgr. 13. gr. sömu laga, og handtökuskipun dómara, sbr. 4. mgr. 13. gr. laganna. Samkvæmt þessu teljast formskilyrði framsals uppfyllt.
26. Í málinu liggur fyrir að 17. mars 2025 tók saksóknari ytra ákvörðun um eftirlýsingu varnaraðila. Brot það sem varnaraðila er gefið að sök gæti að íslenskum lögum varðað við 2. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem varðar fangelsi allt að sex árum. Er því fullnægt skilyrði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 13/1984 um að framsal sé einungis heimilt ef brot getur varðað fangelsi í meira en eitt ár samkvæmt íslenskum lögum. Þá liggur fyrir handtökuskipun dómara við héraðsdóm í [...], Úkraínu, dags. 8. ágúst 2024. Samkvæmt henni skal varnaraðili handtekinn og færður fyrir dómara innan 48 klukkustunda til ákvörðunar um hvort honum verði gert að sæta gæsluvarðhaldi eða eftir atvikum hvort vægari þvingunarráðstöfunum verði beitt á meðan rannsókn sakamálsins fer fram. Standa þannig ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 13/1984 ekki í vegi fyrir framsali varnaraðila. Jafnframt er sök ófyrnd í málinu samkvæmt íslenskum lögum, sbr. 3. tl. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 13/1984. Er enn fremur ljóst að ákvæði 5. og 6. gr. laga nr. 13/1984, um að framsal sé óheimilt vegna verknaða sem varða við herlög og vegna stjórn málaafbrot, eiga ekki við í máli þessu. Þá er skilyrði 9. gr. laganna um bann við endurtekinni málsmeðferð uppfyllt, sbr. sakavottorð og upplýsingar úr lögreglukerfi, og með vísan til sömu upplýsinga stendur 11. gr. laga nr. 13/1984 ekki í vegi fyrir framsali.
27. Varnaraðili vísar til þess að framsal sé óheimilt skv. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 13/1984 þar sem málalátillbúnaður úkraínskra yfirvalda gegn honum fullnægi ekki grunnreglum íslenskra laga um lögfulla sönnun sakar í refsímáli. Í 5. mgr. 4. gr. laganna segir að framsal sé óheimilt ef rökstudd ástæða sé til að ætla að grunur um refsiverða háttsemi eða niðurstaða dóms, sem óskað er framsals vegna, þyki eigi fullnægja grunnreglum íslenskra laga um rökstuddan grun, um refsiverða háttsemi eða um lögfulla sönnun sakar í refsímáli.
28. Að mati dómsins er engin rökstudd ástæða til að ætla að málalátillbúnaður úkraínskra yfirvalda fullnægi ekki grunnreglum íslenskra laga um rökstuddan grun, refsiverða háttsemi eða lögfulla sönnun, sbr. 5. mgr. 3. gr.

laga nr. 13/1984. Hvað varðar tilvísun varnaraðila til þess að framsalsbeiðnin byggist einungis á framburði brotþola og tveggja vitna, auk skýrslu réttarsálfræðings, er til þess að líta að það er ekki íslenskra dómstóla að endurmeta sönnun í málinu heldur verður að leggja erlenda ákvörðun um handtöku eða fangelsun, eða eftir atvikum erlendan dóm, til grundvallar við meðferð máls. Málið er á rannsóknarstigi í Úkraínu og framsalsbeiðnin grundvallast þannig ekki á dómi heldur grun um refsiverða háttsemi. Gagnaöflun er ekki lokið í málinu og hefur til að mynda ekki enn verið tekin skýrsla af varnaraðila í málinu þar ytra. Eru samkvæmt þessu engin gögn komin fram í málinu sem leiða til þess að rökstudd ástæða sé til að ætla að framsalsbeiðni úkraínskra yfirvalda og meðfylgjandi gögn fullnægi ekki grunnreglum íslenskra laga um rökstuddan grun um refsiverða háttsemi. Neitun varnaraðila á sakargiftum málsins réttlætir þannig ekki ein og sér að íslensk stjórnvöld krefjist frekari sönnunargagna, enda eru þau skyldug, án frekari könnunar á sönnunatriðum, að leggja í þessu tilviki handtökuskipunina til grundvallar við meðferð framsalsmálsins.

29. Byggir varnaraðili í þessu sambandi jafnframt á því að brotið hafi verið á honum í skilningi 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um að hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skuli teljast saklaus uns sekt hans sé sönnuð að lögum. Vísar hann m.a. til þess að í lista yfir sönnunargögn sé vísað til gagna sem „staðfesti sekt“ og að í skýrslu réttarsálfræðings sé vísað til varnaraðila sem „nauðgara“ og þannig hafi þegar verið brotið á rétti hans samkvæmt umræddu ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu.
30. Í viðauka við framsalsbeiðnina er að finna umfjöllun um hvernig Úkraína framfylgir alþjóðlegum skuldbindingum sínum á grundvelli samninga Evrópuráðsins og hvernig gildi herlaga hafa áhrif á Úkraínu á meðan á árásarstríði Rússa stendur. Þar kemur fram að á þeim landsvæðum sem hafa verið hernumín af Rússum geti úkraínsk stjórnvöld ekki tryggt að samningum Evrópuráðsins verði fylgt í hvívetna, en í öðrum landshlutum sé þeim að fullu fylgt. Er þarna undir m.a. mannréttindasáttmáli Evrópu og rétturinn til réttlátrar málsmeðferðar, sem einungis er hægt að skerða í tilteknum undantekningartilvikum og þá aðeins á þeim landsvæðum sem hernumín hafa verið af Rússum. Jafnframt kemur fram að grundvallarþættir þessara réttinda séu þó ekki skertir undir neinum kringumstæðum og vísað til stjórnarskrár Úkraínu í því samhengi þar sem kveðið er á um öll grundvallarréttindi sakaðra manna og að það sé ekki hægt að takmarka þau jafnvel þótt herlög séu í gildi. Er m.a. vísað til 62. gr. úkraínsku stjórnarskrárinnar sem fjallar um að sakaður maður teljist saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum (e. „presumption of innocence“). Þrátt fyrir framangreint orðalag sem fram kemur í enskri þýðingu, og telja verður óheppilegt, þykir með vísan til þess sem rakið er að framan ekki unnt að fallast á að brotið hafi verið gegn rétti varnaraðila skv. 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.
31. Varnaraðili vísar til þess að skilyrði 1. tl. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 13/1984 sé ekki uppfyllt. Í ákvæðinu kemur fram að framsal til fullnustu á dómi sé aðeins heimilt ef refsing samkvæmt dómi sé minnst fjögurra mánaða fangelsi, nema annað sé ákveðið með samkomulagi við viðkomandi ríki. Ljóst er af því sem rakið hefur verið að framan að framsal varnaraðila er ekki til fullnustu á dómi, heldur til meðferðar máls á rannsóknarstigi. Kemur þessi málsástæða því ekki til frekari skoðunar.
32. Að því er varðar þá málsástæðu varnaraðila að veruleg hætta sé á að hann muni sæta ofsóknum og ofríki verði hann framseldur til Úkraínu, og að framsal hans sé af þeim sökum óheimilt skv. 7. gr. laga nr. 13/1984, er til þess að líta að ekkert í gögnum málsins bendir til verulegrar hættu á þessu. Í því sambandi er litið til yfirlýsinga úkraínskra stjórnvalda, sem fylgdu framsalsbeiðninni, um að Úkraína framfylgi alþjóðlegum sáttmálum, m.a. mannréttindasáttmála Evrópu, og þeim skuldbindingum sem hvíla á stjórnvöldum

samkvæmt sáttmálunum. Þá aflaði dómsmálaráðuneytið viðbótarupplýsinga um hvar varnaraðila verði gert að sæta gæsluvarðhaldi, komi til þess, og hvar honum verði gert að afplána refsingu, komi til fangelsisrefsingar, sbr. umfjöllun þar um að framan. Hafa úkraínsk stjórnvöld þannig ábyrgst að varnaraðili muni verða vistaður fjarri átakasvæðum og að hann muni ekki hljóta meðferð sem brjóti gegn 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

33. Enn fremur hafa úkraínsk stjórnvöld lýst því yfir að varnaraðila verði tryggður rétturinn til réttlátrar málsmeðferðar og muni njóta aðstoðar verjanda. Er að mati dómsins ekkert í gögnum málsins sem bendir til þess að hann muni ekki hljóta réttláta málsmeðferð skv. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, enda hafa breytingar á úkraínsku sakamálalögunum á grundvelli herlaga ekki áhrif á réttarstöðu varnaraðila þar í landi, sbr. það sem rakið er að framan. Þá liggur ekkert fyrir um það í gögnum málsins að hætta sé á að varnaraðili verði sendur á víglínuna til að berjast í stríðinu verði hann framseldur, annað en framburður hans sjálfs. Grundvöllur framsalsbeiðninnar er rannsókn sakamáls á hendur varnaraðila. Við málf lutning var upplýst um það af hálfu sóknaraðila að herskyldualdur í Úkraínu sé 25–60 ára, en varnaraðili varð [...] [...] sl. [...]
34. Varnaraðili byggir á því að 8. gr. laga nr. 13/1984 komi í veg fyrir framsal. Umrætt ákvæði kveður á um að í sérstökum tilfellum megi synja um framsal ef mannúðarástæður mæla gegn því svo sem aldur, heilsufar eða aðrar persónulegar aðstæður. Í athugasemdum við 8. gr. í frumvarpi til laganna (þá 7. gr.) kemur fram að þegar talað er um aðrar persónulegar aðstæður en aldur og heilsufar séu hafðar í huga félagslegar aðstæður mannsins í heild. Við mat á því geti m.a. skipt máli hvort viðkomandi eigi fjölskyldu hér á landi, hversu lengi hann hafi búið hér og hvort hann reki hér atvinnustarfsemi eða hafi fasta atvinnu. Þá segir jafnframt í athugasemdum við ákvæðið að við mat á því hvort framsal sé í ósamræmi við mannúðarástæður verði að hafa í huga að ekki megi beita þeim sjónarmiðum nema í alveg sérstökum tilfellum því annars missi framsalskerfið gildi sitt í alþjóðlegu samstarfi á sviði afbrotamála. Þeim atriðum sem mæli gegn framsali af mannúðarástæðum beri því að beita með hliðsjón af þeim hagsmunum sem erlenda ríkið hefur af framsali, m.a. með tilliti til grófleika afbrotsins og hversu langt sé um liðið síðan það var framið.
35. Samkvæmt framangreindu er 8. gr. laga nr. 13/1984 undantekningarákvæði sem ber eðli máls samkvæmt að túlka þröngt. Dómsmálaráðuneytið lagði heildstætt mat á aðstæður varnaraðila með tilliti til 8. gr. laganna. Í ákvörðun ráðuneytisins kemur fram að varnaraðili á fjölskyldu hér á landi, eiginkonu og [...] börn, fædd [...] og [...], sem eru á framfæri varnaraðila, auk þess sem [...]. Þá kom fram í málf lutningi fyrir dómi að [...] uppkomin börn hans búa hér á landi, en [eitt uppkomið barn] býr í Úkraínu. Ráðuneytið óskaði eftir læknisvottorði varnaraðila, í ljósi þess að hann greindi frá því að hann væri með alvarlegt hjartavandamál. Læknisvottorð er ekki á meðal gagna málsins, en útprentun úr sjúkraskrá varnaraðila er það hins vegar. Í sjúkraskránni er að finna upplýsingar um heilsufar varnaraðila frá 21. ágúst 2023 til 17. september 2025, en gögnin eru prentuð út 20. október 2025. Í nótu frá 17. september 2025 kemur fram að tilefni komunnar þann dag hafi verið eftirlit með hjartabilun sem varnaraðili sé í meðferð við. Er almennri líðan í þeirri komu lýst þannig að honum líði mjög vel, sé ekki með svima, sofi alla jafna vel en finni fyrir venjulegri þreytu ef hann vinni mikið og finni aðeins fyrir mæði við hreyfingu/göngu. Þá er listi fyrir fimm lyf sem varnaraðili taki sjálfur, þar af tvö þeirra kvölds og morgna.
36. Það er mat dómsins að framangreind sjúkragögn um heilsufar varnaraðila séu ekki þess eðlis að þau uppfylli þann stranga þröskuld sem uppfylla þarf svo undantekningarákvæði 8. gr. laga nr. 13/1984 verði talið eiga við um varnaraðila. Í því sambandi er litið til þeirra gagna sem ráðuneytið aflaði frá úkraískum yfirvöldum

um heilbrigðisþjónustu frelsissviptra einstaklinga í Úkraínu. Þá eru fjölskylduhagir varnaraðila ekki með þeim hætti að þeir einir sér geti réttlætt synjun framsals á grundvelli 8. gr. laganna. Komi til afplánunar fangelsisrefsingar hefur það óhjákvæmilega í för með sér takmarkaða umgengni varnaraðila við fjölskyldu sína og á það við um alla sem þurfa að afplána refsingu, þótt vissulega hafi það þýðingu ef fjölskyldan er ekki búsett í landi þar sem afplánun fer fram. Engu að síður verður að telja að fjölskylda varnaraðila muni geta heimsótt hann í fangelsi ef til afplánunar kemur þrátt fyrir stríðið, enda liggja fyrir upplýsingar í málinu um að eiginkona varnaraðila hafi farið þangað á árinu 2025 með yngsta son þeirra til lækni meðferðar.

37. Varnaraðili byggir á því í tengslum við 8. gr. laga nr. 13/1984 að synja beri framsalsbeiðninni vegna þess að hann hafi hlotið alþjóðlega vernd hér á landi og hafi verið veitt dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða og að þau sjónarmið eigi enn við. Varnaraðili sótti um alþjóðlega vernd 13. apríl 2023, en umsóknin var lögð til hliðar á grundvelli 44. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 og honum veitt dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða skv. 74. gr. sömu laga, sbr. 2. mgr. 44. gr. laganna. Sameiginleg vernd vegna fjöldaflotta er hugsuð sem viðbragð við tímabundnum aðstæðum þar sem hópur einstaklinga flýr afmarkað landsvæði og þarf á vernd að halda. Í ákvörðun ráðherra kemur fram að samkvæmt upplýsingum frá Útlendingastofnun hafi ekki reynt á endursendingar til Úkraínu þar sem enn sé í gildi ákvörðun um fjöldaflotta og því fái allir sem koma frá Úkraínu og sækja um alþjóðlega vernd dvalarleyfi hér á landi. Með auglýsingu nr. 55/2025, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 2. janúar 2025, var tekin ákvörðun um að framlengja ákvörðun um fjöldaflotta frá Úkraínu til og með 2. mars 2027. Í auglýsingunni kemur fram að 18. nóvember 2024 hafi verið samþykkt frumvarp um breytingu á 44. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 sem fólst í því að hámarkstími dvalarleyfa, sem veitt eru á grundvelli sameiginlegrar verndar í kjölfar fjöldaflotta, var lengdur úr þremur árum í fimm. Í kjölfar lagabreytinganna tók dómismálaráðherra ákvörðun um að framlengja gildistímann um tvö ár til viðbótar að því er varðar fjöldaflotta frá Úkraínu, eða til og með 2. mars 2027, og eru dvalarleyfin framlengd um eitt ár í senn og munu áfram öll hafa sama gildistíma. Í samræmi við þetta hefur dvalarleyfi varnaraðila nú verið framlengt til 2. mars 2027.
38. Sameiginleg vernd vegna fjöldaflotta er undantekning frá þeirri meginreglu að umsókn um alþjóðlega vernd skuli hljóta einstaklingsbundna efnismeðferð hjá stjórnvöldum. Mál vegna sameiginlegrar verndar eru þannig frábrugðin að því leyti að slakað er á sönnunarkröfum og rannsóknarskyldu stjórnvalda. Úkraínsk stjórnvöld hafa lýst því yfir að þau ábyrgist að varnaraðili verði ekki nálægt stríðsátökum og samkvæmt skýrslu norsku útlendingastofnunarinnar, dags. 17. janúar 2025, sem ráðuneytið hafði til hliðsjónar við meðferð málsins, er svæðið sem varnaraðili mun verða sendur til metið öruggt. Varnaraðili er grunaður um kynferðisbrot gegn barni í Úkraínu og hafa úkraínsk stjórnvöld metið það svo að þau hafi hagsmuni af því að fá hann framseldan til meðferðar málsins þar í landi. Að teknu tilliti til einstaklingsbundinna hagsmuna varnaraðila er það mat dómsins að hagsmunir úkraínskra yfirvalda af því að fá varnaraðila framseldan vegi þyngra en hagsmunir varnaraðila af því að verða ekki framseldur.
39. Að öllu framangreindu virtu verður staðfest sú ákvörðun dómismálaráðherra frá 1. desember 2025 að framselja varnaraðila til Úkraínu.
40. Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. laga nr. 13/1984 greiðist þóknun skipaðs verjanda varnaraðila úr ríkissjóði. Þóknunin þykir hæfilega ákveðin að meðtöldum virðisaukaskatti eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

41. Af hálfu sóknaraðila flutti málið Pétur Hrafn Hafstein aðstoðarsaksóknari og af hálfu varnaraðila flutti málið skipaður verjandi hans, Þórður Már Jónsson lögmaður.
42. Guðrún Sesselja Arnardóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

### **Úrskurðarorð:**

Ákvörðun dómsmálaráðherra frá 1. desember 2025, um að framselja varnaraðila, X, til Úkraínu, er staðfest.

Þóknun skipaðs verjanda varnaraðila, Þórðar Más Jónssonar lögmanns, 2.473.800 krónur, greiðist úr ríkissjóði.